

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum nr. 239/2004**  
**um meistaranám við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.**

1. gr.

Fimmta grein reglnanna, sem fjallar um inntökuskilyrði, breytist og verður svohljóðandi:

Til að innritast í meistaranám við hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að hafa lokið B.S. prófi í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands eða öðru samsvarandi prófi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki fyrstu einkunn (7,25) í aðaleinkunn úr B.S. prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri enskukunnáttu. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Við inntöku er tekið mið af:

- a) Einkunnum.
- b) Greinargerð þar sem umsækjandi gerir grein fyrir markmiðum sínum með náminu með sérstakri áherslu á fyrirhugað rannsóknarverkefni.
- c) Einstaklingsviðtölum.
- d) Skriflegum ummælum.

2. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 24. mars 2006.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Þórður Kristinsson.*